

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán
fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láni til kaupa á disilrafstöð fyrir Rafveitu Ísafjarðar. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af fobverði stöðvarinnar.

Ábyrgðin skal veitt með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa og reka valnsaflstöð við Bessastaðaá í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu með allt að 32 megawatta afli og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði árinna til að tryggja rekstur virkjunarinnar. Enn fremur að leggja þaðan aðalorkuveitu að Egilsstaðakaupþúni til tengingar þar við veitukerfi Grímsárvirkjunar og Lagarfossvirkjunar.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er virkjunaraðilinn tekur, allt að 2000 millj. kr. eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

Sem hluti af virkjuninni skulu gerðar ráðstafanir, er að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og að dómi sérfræðinga teljast nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki umhverfisins svo sem frekast er kostur.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, sbr. 1. gr.

4. gr.

Óski sveitarfélög á Austurlandi að gerast eignaraðilar að virkjun Bessastaðaár og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu er ráðherra heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd virkjunaraðilans.

5. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal eins fljótt og við verður komið ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla, samkvæmt lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Hið nýja verð skal taka gildi frá og með 1. september 1974 og gilda ekki skemur en til 31. desember 1974. Við ákvörðun hins nýja verðs skal þess gætt, að hækkun almenns fiskverðs verði að meðaltali ekki meiri en 11% frá því verði, sem í gildi hefur verið, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 10/1974.

2. gr.

1. og 2. málsliður 2. gr. laga nr. 79/1968 orðist svo: Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða gjald til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, er nemi 15% fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins.

3. gr.

1. málsliður 4. gr. laga nr. 79/1968 orðist svo: Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða 21% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa.

4. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðu-neytið setur.